

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/04

frá 16. desember 1999

um nákvæmar reglur um beitingu ákvæða 9. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB varðandi áframhaldandi flutning afurða frá skoðunarstöð á landamærum ef sendingar eru ætlaðar til innflutnings í Evrópubandalaginu og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/14/EBE(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 4506)

(2000/25/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Brýnt er að opinberi dýralæknirinn, sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærunum, fái tilskildar upplýsingar þegar um er að ræða vörusendingar sem eru umfermdar áður en þær eru fluttar inn í Evrópusambandið um aðra skoðunarstöð á landamærum.
- 2) Rétt er að ákvarða á hvaða tímabili dýraheilbrigðiseftirlitið skuli fara fram.
- 3) Brýnt er að tilgreina að allt dýraheilbrigðiseftirlit, sem mælt hefur verið fyrir um, skuli haft með vörusendingunum eftir að fyrirhugaður hámarkstími rennur út.
- 4) Núgildandi reglur um umfermingu sendinga á skoðunarstöð á landamærum eru settar með 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 93/14/EBE ⁽²⁾ og ber að fella þær úr gildi og komi ákvörðun þessi í þeirra stað.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þegar vörusendingar, sem eru lagðar fram á skoðunarstöð á landamærum til síðari umfermingar berast þangað, skal sá sem ber ábyrgð á hleðslunni tilkynna opinbera dýralækninum sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærunum, með aðferð sem lögbært yfirvald hefur ákveðið, um áætlaðan affermingartíma sendingarinnar, viðtöku-skoðunarstöð á landamærum og, ef þörf krefur, tiltaka nákvæmlega hvar sendinguna er að finna.

2. gr.

Við beitingu ákvæða i-liðar í b-lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 97/78/EB:

— skal lágmarkstími á flugvelli vera 12 klukkustundir og hámarkstími 48 klukkustundir;

— skal lágmarkstími í höfn vera sjö dagar og hámarkstímin 20 dagar.

3. gr.

Ef hámarkstíminn, sem er tilgreindur í 2. gr., er útrunninn verður að viðhafa það eftirlit með sendingunni, sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 97/78/EB, á skoðunarstöðinni á landamærunum þar sem sendingin er flutt inn.

4. gr.

Ákvæði 4. gr. ákvörðunar 93/14/EBE falla hér með úr gildi.

5. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 9, 13.1.2000, bls. 27, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. L 24, 30.1.1998, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 9, 15.1.1993, bls. 42.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.
